

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 23. maí 2007 í máli nr. Q-2/2007:

M

*(Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl.)*

**gegn**

K

*(Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl.)*

Sóknaraðili málsins er M kt. 000000-0000, ....Reykjavík, en varnaraðili er K, kt. 000000-0000, ..... Reykjavík.

Málið barst héraðsdómi hinn 1. febrúar 2007, með bréfi Sigurmars K. Albertssonar, hrl., skiptastjóra, sem dagsett er 30. janúar sama ár. Fram kemur í bréfinu að á skiptafundi þann 24. október 2006 hafi orðið ljóst að ágreiningur væri á milli aðila um skipti á milli þeirra sem ekki yrði jafnaður og málinu því vísað til héraðsdóms, sbr. 122. gr. og XVII. kafla laga nr. 20/1991.

Málið var tekið til úrskurðar 10. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili gerir þá kröfu aðallega, að vikið verði frá helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 með vísan til 1. mgr. 104. gr. sömu laga og sóknaraðila verði heimilað að taka að óskiptu fasteignina X Reykjavík, og inneign á sparireikningi, skráðum á nafn hans í Landsbanka Íslands.

Til vara krefst sóknaraðili þess að vikið verði frá helmingaskiptareglu 103. gr. og sóknaraðila verði heimilað að taka að óskiptu  $\frac{3}{4}$  hluta íbúðarinnar X Reykjavík, og að óskiptu inneign á sparireikningi, skráðum á nafn hans í Landsbanka Íslands.

Til þrautavara er þess krafist að vikið verði frá helmingaskiptareglunni og sóknaraðila verði heimilað að taka að óskiptu  $\frac{1}{2}$  hluta íbúðarinnar X Reykjavík, og að óskiptu inneign á sparireikningi, skráðum á nafn hans í Landsbanka Íslands.

Til þrautþrautavara er þess krafist að vikið verði frá helmingaskiptareglunni og sóknaraðila verði heimilað að taka að óskiptu inneign á sparireikningi, skráðum á nafn hans í Landsbanka Íslands.

Sóknaraðili krefst í öllum kröfuleiðum málskostnaðar úr hendi varnaraðila að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og ákveðið verði að eignaskipti á búi aðila vegna skilnaðar eigi að fara eftir helminga skiptareglu hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

### **Málavextir**

Málsaðilar, sem bæði eru frá S..., gengu í hjónaband þar í landi hinn 24. október 1999. Stefndi var þá búsettur á Íslandi og flutti varnaraðili til hans á árinu 2000. Hún átti fyrir son fæddan árið 1991 og bjó hann hjá aðilum frá árinu 2003. Varnaraðili sótti um skilnað að borði og sæng hjá Sýslumanninum í Reykjavík 29. maí 2006 en sóknaraðili hafnaði skilnaðarkröfunni. Fór þá svo að bú aðila var tekið til opinberra skipta vegna hjúskaparslita með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 18. september 2006.

Varnaraðili höfðaði mál á hendur sóknaraðila hinn 1. nóvember 2006 og krafðist skilnaðar. Sóknaraðili hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að hann hefði tekist á hendur ábyrgð á varnaraðila og skuldbindingar gagnvart barnsföður hennar varðandi ábyrgð á syni hennar. Gæti hann því aðeins fallist á skilnað sem veittur yrði í S Aðilum var veittur skilnaður að borði og sæng 29. janúar 2007 með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Hinn 23. apríl 2003 undirrituðu aðilar kaupsamning vegna íbúðar að X Reykjavík. Eru þau þinglýstir eigendur til helminga. Kaupverð íbúðarinnar er samkvæmt samningnum 10.200.000 krónur og eru yfirteknar skuldir samtals 9.149.000 krónur. Við undirritun kaupsamnings voru greiddar 600.000 krónur í peningum og tveimur mánuðum eftir afhendingu, 460.000 krónur í peningum.

### **Málsástæður og lagarök sóknaraðila**

Sóknaraðili kveðst hafa kvænst varnaraðila að tilstuðlan föður síns árið 1999 eins og síðir í S gerðu ráð fyrir. Hafi aðilar verið þar í stuttan tíma meðan þau bjuggu bæði í S Sóknaraðili hafi hins vegar dvalist á Íslandi í tvö og hálf ár eftir það og áður en til hjónabandsins var stofnað. Hafi varnaraðili komið til landsins í júní 2000. Fljótlega eftir komu varnaraðila til landsins hafi farið að bera á erfiðleikum í sambandinu og hafi sóknaraðili því viljað að varnaraðili færi aftur til S Hún hafi ekki fallist á það. Kvaðst sóknaraðili hafa talið sig bera ábyrgð á varnaraðila, vegna samkomulags við fjölskyldu hennar, á meðan hún dveldist á Íslandi. Það hafi verið af þeim ástæðum sem hann hafi ekki viljað fallast á skilnað enda hafi hann talið að frá því yrði að ganga í S Sóknaraðili telji varnaraðila hafa notfært sér sig til að komast þaðan þar sem ástand væri ótryggt, til að geta hafið nýtt líf á Íslandi. Þá hafi hún viljað fá son sinn og bróður hingað frá S.

Sóknaraðili hafi búið í leiguíbúð að .....er varnaraðili kom til landsins. Hafi hann ætíð einn greitt leigu af þeirri íbúð og hafi varnaraðili ekki tekið þátt í þeim greiðslum. Þegar varnaraðili hafi komið til landsins hafði sóknaraðila tekist að

leggja fyrir hluta tekna sinna á sparireikning. Hann hafi hins vegar orðið að senda stóran hluta þeirra peninga til S til að greiða fyrir giftingu þeirra og kostnað af ferð varnaraðila til Íslands. Varnaraðili hafi ekki komið með neitt inn í hjónabandið, hún hafi komið til landsins einungis með klæði og fæði sem sóknaraðili hafði sent henni peninga til að kaupa.

Á sambúðartímanum hafi sóknaraðili haft hærri tekjur en varnaraðili og hafi hann lagt mikla áherslu á að leggja hluta sinna tekna fyrir og hafi það gert þeim kleift að fjárfesta í íbúð árið 2003. Sóknaraðili hafi greitt útborgun íbúðarinnar að stærstum hluta, en varnaraðili einungis lagt til orlof sitt til þess að greiða hlut í útborguninni. Sóknaraðili hafi talið íbúðina vera 100% í sinni eigu en ástæða þess að varnaraðili sé skráð til jafns við hann sé sú að hann hafi orðið að tryggja afkomu eiginkonu sinnar ef eitthvað kæmi fyrir hann. Eftir 1. maí 2006 hafi varnaraðili hætt að greiða nokkuð sem tengdist íbúðinni eða rekstri hennar. Hafi hún gefið þá skýringu að þar sem sóknaraðili ætti íbúðina hygðist hún ekki leggja meira til hennar.

Sóknaraðili telji hjúskap aðila hafa staði skamma hríð og ekki hafi myndast með aðilum sú fjárhagslega samstaða er réttlæti helmingaskipti. Hjúskapnum hafi ekki verið endanlega slitið fyrr en með dómi í janúar á þessu ári en það skýrist af þeim sérstöku aðstæðum sem séu í þessu máli. Þrátt fyrir að aðilar hafi haft sameiginlegan bankareikning á hjúskapartímanum telji hann það ekki eiga að leiða sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að fjárhagsleg samstaða hafi verið með þeim á hjúskapartímabilinu. Sóknaraðili hafi ráðstafað sínum fjármunum til rekstur heimilisins og lagt fyrir alla þá fjármuni sem honum hafi verið kleift, þrátt fyrir að tekjur hans hafi ekki verið háar. Varnaraðili hafi nýtt tekjur sínar í sína þágu og sent fjölskyldu sinni í S reglulega stóran hluta tekna sinna. Í ljósi framangreinds telji sóknaraðili að helmingaskipti aðila í milli væri bersýnilega ósanngjörn í garð sóknaraðila enda hafi hann bæði lagt mun meira til hjúskaparins í upphafi og aflað mun meiri tekna en varnaraðili á hjúskapartímanum.

Sóknaraðili hafi staðið straum af greiðslu útborgunar í íbúðinni að X Reykjavík, að mestum hluta sjálfur og aflað meiri tekna til heimilisins til að standa straum af afborgunum íbúðarinnar og greiða annan rekstur hennar. Sóknaraðili telji að þær greiðslur sem varnaraðili þó hafi látið renna til reksturs íbúðarinnar hafi verið greiðslur fyrir dvöl hennar í íbúðinni. Telji sóknaraðili því að heimila eigi honum að taka íbúðina að óskiptu.

Þá telji sóknaraðili ljóst að þeir fjármunir sem séu á sparireikningi, skráðum á nafn hans í Landsbanka Íslands (reikningur númer 0101-15-372757), séu alfarið í hans eigu. Um sé að ræða fjármuni sem sóknaraðila hafi tekist að leggja fyrir á hjúskapartíma málsaðila af eigin tekjum.

Í ljósi þeirra sérstöku málavaxta sem séu í þessu máli sé að mati sóknaraðila óeðlilegt og ósanngjarnt að varnaraðili hagnist á helmingaskiptum við fjárslit þeirra enda fari það í raun gegn vilja löggjafans að baki 103. gr. hjúskaparlaga. Ákvæðum 104. gr. laganna sé beinlínis ætlað að koma í veg fyrir það að helmingaskiptareglu sé beitt þegar hún á ekki við.

Sóknaraðili byggi varakröfu sína og þrautavarakröfu á sömu rökum og aðalkröfu.

Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt byggi á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Sóknaraðili sé ekki virðisaukaskattsskyldur og sé honum því nauðsyn að fá skattinn tildæmdan úr hendi varnaraðila.

### **Málsástæður og lagarök varnaraðila.**

Af hálfu varnaraðila sé því mótmælt að aðdragandi hjúskaparstofnunar aðila skipti máli varðandi þær kröfur sem fjallað er um í málinu, auk þess sem lýsing sóknaraðila á þeim aðdraganda sé ekki alveg rétt. Þá sé því mótmælt að varnaraðili hafi notfært sér sóknaraðila til að komast frá heimalandi sínu, enda hafi varnaraðili stofnað til hjónabandsins í fullri einlægni en vegna hegðunar sóknaraðila hafi hún ekki getað annað en óskað eftir skilnaði. Hafi það ekki síst verið vegna þess að sóknaraðili vildi stjórna ráðstöfun varnaraðila á fé með öllu og hafi ekki einu sinni heimilað henni að vera með eigin bankareikning meðan á hjónabandinu stóð.

Þá sé því mótmælt, sem haldið sé fram í greinargerð sóknaraðila, að hann hafi talið sig bera ábyrgð á varnaraðila vegna hjónabands þeirra, þegar hið rétta sé að hún annaðist framfærslu heimilisins ekki síður en sóknaraðili og að hann hafi skilið varnaraðila eftir aðgjörlega félausa við samvistaslitin. Auk þess hafi hann neitað að flytja út úr íbúð aðila svo að hún varð að flytja ásamt syni sínum, án þess að eiga nokkurt fé til að standa undir kaupum á íbúð eða til að tryggja sér leiguíbúð. Hefði varnaraðili vegna þessa orðið heimilislaus, ásamt syni sínum, ef vinir hefðu ekki komið henni til hjálpar.

Jafnframt sé það ekki rétt sem haldið sé fram af sóknaraðila að varnaraðili hafi sent allt sitt fé til heimalandsins eða að um önnur fjárframlög hafi verið að ræða til fjölskyldu varnaraðila. Í fyrstu hafi sonur varnaraðila ekki verið með búsetu hjá aðilum og því hafi hún eðlilega sent fé til að sinna framfærsluskyldu við drenginn, en eftir að hann hafi komið til landsins hafi hún notað fé sitt ekki síður en sóknaraðili til sameiginlegs heimilisreksturs, þ.á.m. til afborgunar lána.

Varðandi málsatvik þá telji varnaraðili mestu máli skipta að aðilar hafi verið í hjónabandi frá október 1999 til janúar 2007, eða í alls um 7 ár og 3 mánuði, en samvistaslit urðu með aðilum í júní 2006. Á hjúskapartímanum hafi þau bæði unnið utan heimilis. Hafi tekjumunur verið óverulegur á milli þeirra, þegar tekið sé tillit til aukins skattalegs hagræðis varnaraðila vegna þess að hún hafi verið með lægri tekjur er sóknaraðili. Aðilar hafi þannig verið með sameiginlegt fjárfélag og hafi aldrei samið um séreignafyrirkomulag meðan á hjónabandi þeirra hafi staðið. Allar eignir aðilar hafi því orðið til fyrir tilverknað beggja aðila og vinnuframlag varnaraðila á heimili aðila, en hún hafi auk þess annast nánast ein heimilishaldið.

Krafa varnaraðila um skiptingu á búi aðila skv. helmingaskiptareglunni byggist á 103. gr. hjúskaparlaga og þeirri meginreglu að aðilar í hjúskap eigi að skipta hreinni eign sinni að jöfnu með maka við skilnað. Aðilar hafi með fyrirkomulagi eigna sinna sýnt að fjárhagsleg samstaða hafi verið með þeim á hjúskapartímanum. Þau hafi verið bæði nánast eignalaus við upphaf hjónabandsins.

Þá hafi þau keypt aðaleign búsins, íbúðina, í sameiningu og skráð sig eigendur að jöfnu og auk þess hafi kaupin að mestum hluta verið fjármögnuð með lánum sem þau hafi síðan greitt af á hjúskapartímanum og eru að mestum hluta ennþá áhvílandi. Það séu því engar forsendur til að skipta búi aðila með öðrum hætti en skv. helmingaskiptareglu.

Jafnframt sé vísað til þess að jafnvel þótt sparnaður aðila hafi orðið til á banka reikningi sem skráður sé á nafn sóknaraðila þá eigi það ekki að hafa afgerandi áhrif, enda hafi sóknaraðili stýrt fjármálum aðila og haft það því í hendi sér á nafni hvors aðila sparnaðurinn hafi verið vistaður. Á sama tíma hafi varnaraðili greitt meira vegna innkaupa fyrir heimilið og son varnaraðila sem bjó á heimilinu, en aðilar hafi báðir verið framfærsluskyldir við samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Því sé mótmælt, sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðila, að það að hún hafi ekki greitt af íbúð aðila eftir samvistaslitin, segi eitthvað um afstöðu hennar til eignarréttar yfir íbúðinni. Það hafi verið sóknaraðili sem neitaði að flytja úr íbúðinni og hafi búið í henni einn á meðan varnaraðili hafi þurft að leggja allt sitt fé í að koma sér upp nýju heimili fyrir sig og son sinn. Vegna þess hafi varnaraðili enga möguleika haft á að greiða af afborgunum af lánum áhvílandi á íbúðinni á sama tíma, enda ættu þær greiðslur líka að koma í stað leigugreiðslna sóknaraðila til hennar á sama tíma fyrir afnot af íbúðinni.

Að lokum byggist kröfur varnaraðila á því að tekjumunur hafi verið óverulegur og það lítilt að það réttlæti ekki frávik frá helmingaskiptareglunni. Varnaraðili hafi unnið utan heimilis, eins og sóknaraðili, nánast allan hjúskapartímann og hafi þau því bæði lagt til fjármuni inn í sameiginlegt fjárfélag. Þá hafi varnaraðili greitt minni skatta en sóknaraðili svo tekjumunur aðila var í raun minni en blasir við ef aðeins er litið til fjárhæða heildartekna. Það væri því beinlínis ósanngjarnt að víkja frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaganna í máli aðila.

Varnaraðili vísi kröfum sínum til stuðnings aðallega til ákvæða hjúskaparlaga, einkum 103. gr. Varðandi kröfu um málskostnað sé vísað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## **Niðurstaða**

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu eru aðilar máls frá S Þau gengu í hjúskap árið 1999 og var honum slitið með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. janúar 2007. Í niðurstöðu þess dóms er á því byggt að aðilar séu bæði búsett á Íslandi og lúti því íslenskri lögsögu. Þau rök sem sóknaraðili byggði á í því máli lutu fyrst og fremst að heiðri sóknaraðila og fjölskyldu hans vegna þeirrar ábyrgðar sem hann hefði tekið á sig þegar til hjúskaparins var stofnað. Voru rök þessi ekki talin hafa þýðingu að lögum og er svo enn.

Í 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 kemur fram að helmingaskipti er meginregla við fjárskipti á milli hjóna við skilnað. Frá þeirri reglu verður þó vikið samkvæmt 104. gr. laganna ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Á þetta einkum við þegar tekið er tillit til fjárhags hjóna og lengdar hjúskapar, svo og ef annað hjóna hefur flutt í búið verulega miklu meira en

hitt við hjúskaparstofnun. Í máli þessu er því hvorki til að dreifa að um skammvinnan hjúskap sé að ræða né liggur það fyrir að sóknaraðili hafi við hjúskaparstofnunina flutt með sér eignir í búið umfram varnaraðila sem einhverju nemi.

Aðilar báðir öfluðu tekna utan heimilis en varnaraðili kom til landsins í júní árið 2000 og er óumdeilt að hún hafi byrjað að vinna fljótlega eftir það. Einnig hefur varnaraðili haldið því fram að heimilishald og umönnun sonar hennar, eftir að hann kom til landsins árið 2003, hafi að mestu leyti komið í hennar hlut. Af skattframtölum aðila má sjá að tekjumunur var með þeim sem þó telst óverulegur. Fram hefur komið að þau hafi verið með sameiginlegan bankareikning, en sóknaraðili var einn með sparnaðarreikning.

Aðilar stóðu að jöfnu saman að kaupum á íbúð í X eins og þinglýstur kaupsamningur, dagsettur 23. apríl 2003, ber með sér. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi greiða samtals 1.060.000 krónur í peningum og yfirtaka lán fyrir eftirstöðvum kaupverðsins. Sóknaraðili heldur því fram að þrátt fyrir að varnaraðili hafi lagt eitthvað til afborgana af íbúðinni eða reksturs hennar beri að líta á það sem greiðslur fyrir dvöl hennar í íbúðinni. Ber að hafna þeirri málsástæðu með öllu.

Ekki liggur fyrir hvað sóknaraðili hafði lagt inn á sparnaðarreikning sinn fyrir hjúskaparstofnunina og rann sú innistæða því inn í búið sem hjúskapareign hans skv. 54. gr. laganna. Engar forsendur eru til þess að líta á innistæðu á umræddum reikningi sem séreign sóknaraðila og skiptir þá ekki máli að reikningurinn sé skráður á nafn hans.

Þegar litið er til þess sem rakið hefur verið er ekkert sem bendir til annars en að með aðilum hafi myndast fjárhagsleg samstaða þegar í upphafi hjúskapar. Þá verður ekki séð að skipti samkvæmt 103. gr. hjúskaparlaga séu bersýnilega ósanngjörn en fyrir því ber sóknaraðili sönnunarbyrði. Hefur hann ekki, með framlögðum gögnum eða með öðrum móti, sýnt fram á að svo sé. Með sömu röksemdum er varakröfum sóknaraðila hafnað.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila 150.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigríður Hjaltsted, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

## **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Við skipti á milli sóknaraðila, M og K skal beitt helmingaskiptareglu 103. gr. laga nr. 31/1993.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 150.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigríður Hjaltested